

Veröldin er enn fögur

Bókmenntir


Jóhann Hjálmarsson

REYKJAVÍKURLJÓÐ.

Útgefandi: Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, 1986.

Reykjavíkurljóð eru gefin út í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkur og hefjast á tilvitnun í Austurstræti Tómasar Guðmundssonar þar sem vikið er að sextán skáldum í fjórða bekk. Fá þeirra sextán skálda sem Tómas yrkir um urðu raunveruleg skáld og er ekki ólíklegt að sagan muni endurtaka sig um skáld Reykjavíkurljóða. En það fer vel á því að ungt fólk freisti þess að tjá sig í ljóði og viðleitnin bendir til þess að ljóðlist eigi enn sín ítök og iðkun hennar þyki eftirsóknarverð.

Í augum Tómasar Guðmundssonar var Reykjavík borg æsku og fegurðar. Viðhorf skáldanna í Reykjavíkurljóðum eru hin sömu. „Reykjavík er eins og rós“, yrkir Þjarney Kristín Ólafsdóttir. „Eins og regnboginn fagur er Reykjavík öll“, yrkir Edith Randy. Gerður Kristný Guðjónsdóttir lýsir viðhorfi sínu til borgarinnar með því að kalla framlag sitt: Kæra Reykjavík. Guðmundína Ó. Magnúsdóttir yrkir um „alla þá töfra“ sem borgin á. Kristinn Gíslason yrkir um „stóru ástkæru Reykjavík“. Ólafur Þ. Stephensen persónugerir borgina í ljóðinu Reykjavíkurást og líkir



henni við „sveitastúlku og heimskonu í senn“. Ólöf Ásgeirsdóttir ávarpar borgina sína með orðunum: „Borgin mín fagra“. Ragnhildur Ásgeirsdóttir finnur Paradís í Reykjavík: „Hreint loft, fagur himinn, tær dropi“. Sólveig Birna Daníelsdóttir birtir eins konar stefnuskrá skáldanna sem felst í yfirlýsingunni: „Reykjavík er góð borg, sem gott er að búa í, lífið þar er skemmtilegt.“

Hið jákvæða viðhorf til borgarinnar og borgarlífsins kemur þó ekki í veg fyrir að eitthvað er ekki eins og það á að vera. Meðal þess eru rónar og stress sem Ragnhildur Ásgeirsdóttir yrkir um. Ekki er heldur allt með feldu í Næturverð-

inum eftir Tryggva V. Líndal. Í honum eru á ferli leðurblökumaður, óreglumaður og svartar maría. Svo eru í bókinni ljóð sem lýsa nokkrum innri átökum. Eitt slíkra ljóða er Desember eftir Guðrúnu Jenny Jónsdóttur. Desember er meðal fárra ljóða þar sem gerð er tilraun til að beita ljóðrænu myndmáli.

Mörg ljóðanna í bókinni gjalda þess að þau eru of almennt orðuð, lagt er meira upp úr því að tjá hug sinn til borgar og mannlífs en draga upp myndir sem spegla viðhorfin. Yfirlýsingar fara oftast illa í skáldskap. Þetta gildir þó til dæmis ekki um laglegt ljóð eftir Lárus Jón Guðmundsson: Grös borgarinnar. Tvö erindi verða að nægja sem dæmi:

Á berangri breiðholta
berst lágvaxin grastó
fyrir tilveru sinni

Í fríðsælu fossvoga
fagnar hávaxið punktstrá
sólrikum morgni

Nauðsyn myndmáls í ljóði má ítreka með því að vitna í ljóðið Reykjavík eftir Stefán Snævarr þar sem segir m.a.: „ljósín stara á hús sem veifar öngu tré“.

En Stefán mun vera eldri og reyndari en flest önnur skáld Reykjavíkurljóða. Sama er að segja um Ragnhildi Ófeigsdóttur sem á þrjú ljóð í bókinni. Þau skera sig úr, ekki síst fyrir rómantískt myndmál sem lýsir sér vel í Móðir mín:

augu hennar
voru eins og í barni sem hefur villst
á heiðum úti um haust
þegar frostið sprettur á lynginu
eins og lítil glitrandi blóm

Í Reykjavíkurljóðum, þessari vinalagu afmælikveðju til borgarinnar, eru einnig ljóð eftir Dagnýju H. Lilliendahl, Hjördísi Sigurðardóttur, Hrafnkel Óskarsson, Jóhann Valdimarsson, Ólöfu Ásgeirsdóttur, Ómar Gíslason og Sigríði Halldórsdóttur.



Gnýfari – málað 1986.

Sýning Björgvins Sigurgeirs

Myndlist

Bragi Asgeirsson

Í eystri sal Kjarvalsstaða sýnir Björgvin Sigurgeir Haraldsson 64 myndverk er hann nefnir „Pastel“ – Málverk. Þetta er fimmta sýning Björgvins, sem hefur komið víða við á íslenskum myndlistarvettvangi og er m.a. þekktur listaskrifari. Þetta er mikil sýning sem Björgvin hefur komið fyrir í Kjarvalsallal og vafaltíð öflugasta framlag hans til myndlistar um dagana.

Pastel er vandmeðfarin tækni er býr yfir miklum möguleikum og blæbrigðaríkíðomi. Auðvelt er að ná hér fram þekkingum litaáhrifum en hins vegar jafn erfitt að beisla tæknina til úrskerandi árangurs.

Á sýningu Björgvins kemur það greinilega fram að honum eru þessar staðreyndir fullkomlega ljósar því hann reynir fyrir sér á breiðu sviði.

Því er fjarri að hann ofhlaði myndirnar og það er einmitt í myndum hinna fingerðari blæbrigða, sem dæmið gengur upp og hann nær sterkustu áhrifunum. Því fer einnig fjarri að það séu jafnan hinir hvelu og skæru litir, sem hafa mest áhrif og kemur þetta ákaflega greinilega fram á sýningu Björgvins Sigurgeirs. Einföld form og einfaldir litir skila hér einmitt eftirminnilegustu áhrifunum. Hér vil ég nefna myndir eins og „Bugur“ (8), „Heiðarbrún“ (17), „Höfuðstafir“ (21), „Hafblik“ (22), „Í hnotskurn“ (25), „Kaldi“ (30), „Rjóður“ (32), „Blokki“ (33), „Heilabrot“ (53), „Gul nótt“ (54) svo og myndirnar nr. 61–64.

Þetta er máski full mikil upptalning mynda en það er vegna þess að ég tel Björgvin á réttu braut í þessum myndum og að hér sé um sterkustu hlíð hans að ræða í myndlistinni. Hefði sýningin orðið mun hrifmeiri ef hann hefði einungis lagt áherslu á slíkar myndir og aðrar þeim líkar. Á þessari sýningu kemur t.d. fram að stórar pastelmyndir eru merkilega rúmfrekar á vegg.

Annað sem ég tók eftir er að Björgvin hefur bætt sig mikið í lit og vafaltíð hefur það nokkuð að segja að hann hefur um árabil kennt litafræði við Myndlistar- og handfaskóla Íslands. En slík kennsla er mjög auðgandi ef rétt er haldið á spilunum. Í sumum myndum Björgvins nálgast hann jafnvel fútúrísma, en það mun öðru fremur vera vegna margvíslegra tilrauna við efniviðinn en beinna áhrifa.

Um ýmislegt virðist Björgvin sækja fyrirmyndir sínar til alheimsins, tímans og rýmisins – í senn fjarlægðarinnar sem nálægðarinnar. Þetta er mjög áleitnið myndefni í nútímanum og birtist í fjölbættri mynd í verkum hinna ólíkustu listamanna.


Þetta er hressileg sýning og rétt er að benda á hve sýningarnar þrjár að Kjarvalsstöðum sem nú eru í gangi eru ólíkar, enda virðist það ekki vera sama fólkíð sem ratar á þær.

Það má slá því föstu að íslenzk myndlist verður stöðugt fjölbættri og það er styrkur hennar.

NORÐDEKK sigur

Rally '86


Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki



Jón Ragnarsson, Íslandsmeistari í rallakstri 1986:

„Við vissum að þetta yrði erfitt því nú var snjór yfir öllu – en á góðum bíl, með góðan aðstoðarmann og ekki síst vegna dekkjanna sem hafa alveg frábært grip og rásfestu tókst okkur að sigra……“

OG ÞÓ AÐ MARGT HAFI KOMIÐ TIL MÁ AÐ STÓRUM HLUTA ÞAKKA NORÐDEKK SIGURINN.“



GÚMMÍ
VINNU
STOFAN
HF

RÉTTARHÁLSI S. 84008/84009 / SKIPHOLTI 35 S. 31055